



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 10. október 2022.
Málsnr. 2209012
PBG/BHR

Efni: Áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins

Á 545. fundi stjórnar SSH, hinn 3. október 2022, var ofangreint mál til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

2209012 - Stofnun Áfangastaðastofu

Framhald umræðu frá 543. fundi þar sem eftirfarandi var bókað í fundargerð um fyrirbyggjandi rekstrargreiningu Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins:

"2208014 - Rekstrargreining Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins

Fyrir liggur rekstrargreining KPMG á Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins. Sævar Kristinsson verkefnastjóri hjá KPMG kynnir niðurstöður hennar.

Þá er fyrirbyggjandi minnisblað Björns H. Reynissonar verkefnastjóra um næstu skref málsins.

Umræður um forsögu málsins og áframhald þessa verkefnis.

Stjórn samþykkir að fela verkefnastjóra Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins að senda sveitarfélögunum ofangreinda rekstrargreiningu og fylgja henni eftir með sérstakri kynningu."

Kynning samkvæmt framangreindu hefur nú farið fram fyrir fjórum sveitarfélögum, eitt telur ekki þörf á kynningu, og hjá einu sveitarfélaganna er kynning fyrirhuguð á næstunni. Þá liggur fyrir minnisblað Björns H. Reynissonar verkefnastjóra dags. 30. september 2022 þar sem m.a. koma fram tillögur um næstu skref málsins.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að leggja til við sveitarfélögin að Áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins verði stofnuð og taki til starfa frá og með næstu áramótum. Starfsemin verði byggð upp á árinu 2023 og verði komin í endanlega starfsemi í upphafi árs 2024 m.v. tillögur fyrirbyggjandi rekstrargreiningar KPMG. Lagðar eru fram á fundinum hugmyndir að framgangi og umfangi verkefnisins á árinu 2023 og áætluðum framlögum sveitarfélaganna á hinu fyrsta starfsári.

Verkefnastjóra í samráði við framkvæmdastjóra er falið að vinna áfram að málinu og leggja fram innleiðingar- og kostnaðaráætlun á næsta reglulega fundi stjórnar SSH í nóvember. Í framhaldi af því fari málið til endanlegrar umræðu og efnislegrar meðferðar hjá sveitarfélögunum.



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Er skrifstofu SSH nú falið að senda bókun stjórnar til kynningar hjá sveitarfélögunum ásamt því að fjármálastjórum sveitarfélaganna verði jafnframt kynnt áætlað fjárhagslegt umfang verkefnisins í fjárhagsáætlun sveitarfélaganna 2023.

Til samræmis við ofangreinda bókun er framangreint sent til kynningar, en gera má ráð fyrir að málið verði á ný sent sveitarfélögunum til efnislegrar meðferðar í kjölfar næsta reglulega fundar stjórnar SSH í nóvember nk.

Sé frekari upplýsinga óskað hafið samband við Björn H. Reynisson verkefnastjóra í tölvupósti björn@ssh.is eða síma 8630001.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

1. Minnisblað Björns H. Reynissonar dags. 10. október 2022.
2. Uppfærð rekstaráætlun fyrir árið 2023. 10. október 2022.
3. Áfangastaðastofa höfuðborgarsvæðisins. Rekstrargreining KPMG. ágúst 2022.